

vikurhr. 1938–47 og síðan Selfosshr. (sem þá varð sérstakur hreppur) 1947–62, oddviti 1947–58. Sýslunefndarmaður 1938–58. Í sóknarnefnd Laugardæla-sóknar og síðar Selfosssóknar um skeið, nú safnaðarfulltrúi. Form. skólanefndar Héraðssk. á Laugarvatni frá 1951. Alþingismaður 1950–67 (sem varaþm. til 1953, 2. þm. Árnesinga 1953–59, 5. þm. Suðurlandskjördæmis 1959–67). Forseti efri deildar Alþingis 1959–67. Í framkvæmdastjórn Verzlunarráðs Íslands. Yfirskoðunarmaður ríkisreikninga frá 1964. K. 10. okt. 1925 Kristín, f. 8. febr. 1904, Guðmundsdóttir kaupfélagsstjóra og síðar kaupmanns á Selfossi Guðmundssonar.

Sigurður Ólafsson, f. 30. des. 1901 í Rvík. For.: Ólafur Theódór Guðmundsson trésmiður þar og f. k. h. Hólmfríður Pétursdóttir. Stúd. M.R. (málad.) 1921. Cand. phil. Khafnarhásk. 1923. Próf í byggingaverkfræði frá Polyteknisk Læreanstalt í Khöfn 1927. Byggingaverkfræðingur hjá h.f. Shell 1927–28, Rafmagnsveitu Rvíkur og Sogsvirkjuninni 1928 og síðan. Búsettur í Rvík. Kennari við Iðnsk. í Rvík 1927–45. K. 24. sept. 1927 Rebekka, f. 24. marz 1899, Ágústsdóttir útvegsb. í Vestmannaeyjum Gíslasonar.

Sigurður Straumfjörð Ólafsson, f. 31. ág. 1904 í Rvík. For.: Ólafur Ólafsson skipstjóri þar og f. k. h. Guðríður Pálsdóttir frá Býjaskerjum á Miðnesi. Próf frá Iðnsk. í Rvík 1922. Prentnám í Félagsprentsmiðjunni h.f. 1919–23. Vann í Félagsprentsmiðjunni til 1948, síðan í prentsmiðjunni Leiftri h.f. Vélsetjari 1. maí 1928 og síðan. Í stjórn Knattspyrnufél. Rvíkur 1933–39. Nokkur ár í Íþróttaráði Rvíkur (síðar Frjálsíþróttaráð Rvíkur), eitt ár formaður. Í stjórn Frjálsíþróttasambands Íslands frá stofnun 1947 til 1950. Stundaði ungur íþróttir og starfaði alls yfir 20 ár að íþróttamálum í tómstundum. Í stjórn Hins isl. prentarafélags 1932. Rit: Greinar í blöðum um íþróttaleg málefni og nokkrar minningargreinar. Sá um hrið um útgáfu Félagsblaðs K.R. Skrifaði eitt ár um íþróttir í Albýðublaðið.

Sigurður Ólafsson, f. 7. marz 1916 að Brimilsvöllum, Snæf. For.: →Ólafur Bjarnason b. og hreppstj. þar og k. h. Kristólína Kristjánsdóttir. Stúd. M.R. 1936. Nám í læknadeild Hásk. Ísl. 1936–38. Aðstoðarlyfjafr. frá Lyfjafræðingask. Ísl. 1941. Kandidatspróf frá Philadelphia College of Pharmacy and Sci-

ence, Bandaríkjunum, 1943. Lyfjafræðingur í Rvíkur Apóteki 1944–62. Staðgengill lyfsalans öðru hverju frá 1950. Settur lyfsali maí 1961 til maí 1962. Lyfsali í Rvíkur Apóteki frá 1. júlí 1962. Í skólastjórn Lyfjafræðingask. Ísl. 1952–57. Í lyfjaverðskrárnefnd 1960–62. Í stjórn Lifeyrissjóðs apótekara og lyfjafræðinga 1955–61. Í stjórn Lyfjafræðingafél. Íslands 7 ár, form. 1944, 1949–50 og 1952. Í stjórn Ísl.-ameríska félagsins 1946–58. K. 15. des. 1944 Þorbjörg, f. 1. nóv. 1918, Jónsdóttir lækni í Rvík Kristjánssonar.

Sigurður Jón Ólafsson, f. 4. des. 1916 í Rvík. For.: Ólafur Jónatansson frá Kolbeinsstöðum í Kolbeinsstaðahreppi, verkam. í Rvík, og Þuríður Jónsdóttir frá Elliða í Staðarsveit. Söngvari í Rvík. Hefur jafnframt stundað ýms störf, svo sem bifreiðaakstur, aðstoðarstjóri á Rannsóknarstofu Hásk. og að Keldum. Er nú starfsmaður hjá SÍS. K. 8. okt. 1937 Inga Valfríður (Snúlla), f. 10. nóv. 1918, Einarisdóttir b. í Miðdal í Mosfellssveit Guðmundssonar.

Sigurður Ólafsson, f. 6. sept. 1918 á Langeyri í Álftafirði, N.-Ís. For.: Ólafur Sigurðsson hreppstj. á Flateyri við Önuðarfjörð og k. h. Valgerður Guðmundsdóttir. Kennarapróf 1941. Kennari við barnask. á Ísafirði 1943–56 og í Hafnarfirði 1956–57. Skólastjóri barna- og unglingsk. í Sandgerði frá 1957. Bókavörður hreppsboðkasafnsins í Sandgerði. K. 10. ág. 1943 Guðrún Hansen, f. 27. maí 1921, Jörgensdóttir J. Hansens framkvæmdastjóra í Rvík.

Sigurður Ólason, f. 25. ág. 1900 að Ytri-Bakka í Kelduhverfi, N.-Þing. For.: Óli Jón Kristjánsson b. og smiður og k. h. Hólmfríður Þórarinsdóttir Fluttist með foreldrum sínum til Húsavíkur 1907. Stundaði þar sjó og hvers konar vinnu, m. a. kolanám í Hringversnámum á Tjörnesi 1917 og 1918. Fluttist til Vestmannaeyja 1920 og hefur starfað þar síðan við verzlunar- og skrifstofustörf. Forstjóri Fisksölusamlags Vestmannaeyja frá 1935, Fiskverkunarstöðvarinnar Stakks h.f. frá 1941 og Netagerðar Vestmannaeyja h.f. 1942–60. Í skilanefnd Kaupfél. Bjarma 1935. Endurskoðandi hjá ýmsum fyrirtækjum. Í niðurfjöfnunarnefnd Vestmannaeyja 1932–46. Lengi í kjörstjórnum við bæjarstjórnar- og Alþingiskosningar. Forseti Rotaryklúbbs Vestmannaeyja 1959–60. K. 20. júlí 1935 Ragnheiður, f. 4. des. 1904, Jónsdóttir útgerðarmanns frá